

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 273/1991 um tannverndarsjóð.

1. gr.

3. ml. 3. gr. orðist svo:

Fulltrúi fyrrnefndra aðila auk fulltrúa tannfræðinga og tanntækna mynda tannverndarráð og er yfirtannlæknir ráðuneytisins formaður þess.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. apríl 1998.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Sólveig Guðmundsdóttir.*

24. apríl 1998

Nr. 255

## REGLUGERÐ

### um afnám reglugerðar nr. 66/1996 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 418/1994, um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum.

1. gr.

Reglugerð nr. 66/1996 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum, er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. apríl 1998.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Einar Magnússon.*